

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Barri hf



Dags eftirlits	25.9.2012	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Skúli Björnsson	ÍSAT nr.	01.11.1
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaug E. Vilhjálmsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

< Umhverfi

○ Farið í kringum gróðurhús og um athafnarsvæðið, myndir teknar og leitað að byggplöntum í umhverfinu. Engin byggplanta var sýnileg utan við gróðurhús og á athafnasvæði Barra.

< Afmörkunarráðstafanir

- Öryggiskerfi.
- Úrgangur
- Frárennsli
- Verklag
- Leitað að skemmdum (göt)
- Dýravarnir
- Viðgerðir og styrkingar. Viðgerð á gróðurhúsi eftir veðurskaða þann 10. janúar sl. var í lagi, með viðbættum langbandastyrkingum á hliðum og tvöföldun festinga við aukabita á fram- og afturhliðum gróðurhússins.

< Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

- Í samræmi við skilyrði um innra eftirlit leyfisins var eftirlit með því hvort erfðabreyttar lífverur myndu fundast utan við gróðurhús. Engar byggplöntur fundust utan við gróðurhús við það eftirlit. Umhverfisstofnun gerði athugasemd við það að það væri ekki skráð í vinnudagbók.
- Áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og viðbragðsáætlun voru aðgengilegar á kaffistofu starfsfólks og í vinnudagbók, í samræmi við leyfisskilyrði.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að ekki var skráð í vinnudagbók að framkvæmdaraðili hafi viðhaft eftirlit með því hvort erfðabreyttar lífverur myndu fundast utan gróðurhús. Það þarf að skrá, jafnvel þegar ekkert finnst. Þessu hefur verið komið á framfæri við stöðvarstjórnann og verður skráð í vinnudagbók framvegis.

ANNAÐ

Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar hóf eftirlitið kl. 8:40 þann 25. september í gróðrarstöð Barra hf. Skúli Björnsson tók á móti eftirlitsaðila og fór með í vettvangsskoðun. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 10:30. Einnig var Leifur Þorkelsson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Autsurlands viðstaddur eftirlitið.

Önnur mál: Samkvæmt endurupptöku og leyfisbreytingu 29. júní sl. er einnig heimild fyrir ræktun á erfðabreyttu byggi í Barra 1 (byggingareitur c), sem er aðliggjandi og eins gróðurhús og Barri 2, sem er gróðurhús með núverandi byggræktun. Barri 1 er heilt og með sömu viðbótarstyrkingum og Barri 2. Ef ræktun erfðabreytts byggs hefst í Barra1 verður öryggiskerfi einnig sett upp þar.

Reykjavík, 10.10.2012

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

